



Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020

Sveitarfélagsuppdráttur - Sjólögn Hauganesi



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:50.000



BREYTT AÐALSKIPULAG 1:50.000

Greinargerð

Gerð er óveruleg breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020, skv. 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ocean EcoFarm ehf. áformar að leggja nýja sjólögn til sjótöku fyrir fiskeldi á Hauganesi.

Breytingin felst í því að teiknuð er inn lagnaleið fyrir sjólögn á sveitarfélagsuppdrátt aðalskipulagsins merkt V. Lögnin mun liggja annarsvegar frá dælubrunnum í fjöruborði innan hafnarsvæðisins og rúmlega 900 metra norðaustur af höfninni og hinsvegar um 50 metra frá dælubrunnum að húsvegg Hafnargötu 4.

Helsta markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að samræma skipulagsáætlanir sveitarfélagsins við fyrirhugaða framkvæmd sem samþykkt var í skipulagsráði Dalvíkurbyggðar 15. október 2025 og felur í sér lagningu nýrrar sjólagnar út frá hafnarsvæði Hauganess auk dælubrunna. Með nýrri sjólögn verður fluttur sjór frá sjávardýpi og upp í landeldi að Hafnargötu 4 þar sem Ocean EcoFarm ehf. er til húsa, þar er sjórinn nýttur í rekstri fiskeldisins.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við Landsskipulagsstefnu og Svæðisskipulag Eyjafjarðar.

Forsendur og staðhættir

Starfsemi Ocean EcoFarm ehf. er á Hafnargötu 4, Hauganesi. Fyrir sjótöku var árið 2001 lögð 110 mm PE sjólögn, um 800 m út frá landi niður á 50 m dýpi. Lögnin skemmdist við stækkun sjóvarnargarðs og hefur legið ónotuð frá 2009. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér endurnýjun sjólagnarinnar, í svipaðri legu og áður.

Ströndin við Hauganes er grunn með malar- og pangbeltum, en dýpkar hratt utar þar sem lögnin endar. Ný lögn mun fylgja eldri legu með um 10 m svigrúmi til hvorrar hliðar, til aðlögunar að aðstæðum á sjávarbotninum. Rask á landi verður lítið þar sem framkvæmd fer fram á röskuðu hafnarsvæði. Á hafsbötni liggur lögnin um malar- og grýttan botn sem er dæmigerður fyrir svæðið.

Sjólögnin er hluti af grunnkerfi rekstursins og tryggir stöðugt innstreymi sjávar í eldistanka. Þar sem lögnin verður endurnýjuð á fyrri legu, verða áhrif á umhverfi í lágmarki. Engar skráðar fornleifar eru á svæðinu. Ef minjar finnast skal stöðva framkvæmdir og tilkynna Minjastofnun, sbr. 24. gr. laga nr. 80/2012.

Framkvæmdarlýsing

Endurnýjuð verður sjólögn fyrir sjótöku við Hafnargötu 4. Nýtt sjóinntak og dælubrunnar verða sett í fjörukamb, á svipuðum stað og áður. Sjólögnin verður allt að 560 mm úr PE plasti og lögð í áföngum:

- Frá dælubrunninum niður á 8 m dýpi.
- Frá 8 m til 30 m dýpis: tvær PE lagnir.
- Frá 30 m til 50 m dýpis: barki sem er settur framan á enda lagnanna.

Lagnir verða fergðar með sökkum og tryggilega lagðar í botnset, líkt og eldri lögn sem hefur legið stöðug frá lagningu. Endanleg lega sjólagnarinnar verður ákveðin á hönnunarstigi og er teiknuð inn með fyrirvara um 10 m svigrúmi til hvorrar hliðar.

Mörk skipulagssvæðis

- LANDNOTKUN
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
 - Íbúðarsvæði
 - Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - Verslunar- og þjónustusvæði
 - Athafnasvæði
 - Löndunarsvæði
 - Hafnarsvæði
 - Landbúnaðarsvæði L1
 - Landbúnaðarsvæði L2
 - Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
 - Fristunabyggð
 - Afþreyingar- og ferðamannasvæði
 - Opin svæði til sérstakra nota
 - Óbyggð svæði
 - Blönduð landnotkun
 - Efnistökusvæði
 - Merking landnotkunarreita
 - Landfyllingar
 - Dælustöð fráveitu

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fölkvangur, friðland
- Svæði á Náttúruminjasrá
- Vatnsverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- Forminjar
- Forminjar, minjasvæði
- Forminjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI

- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgong
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- Aðal göngu- og hjólastigar
- Megin útivistarstigur
- Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás
- Svæði skipulagsbreytingar



Breyting á uppdrætti

Sett er inn á sveitarfélagsuppdrátt lagnaleið nýrrar sjólagnar um 50 metra frá Hafnargötu 4 að fjörukambi við hafnarsvæði Hauganess og þaðan um 900 metra út á sjó til norðausturs, merkt með V.

Umhverfismatsskýrsla

Framkvæmdin fellur ekki undir ákvæði laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Á framkvæmdartíma verður rask aðallega bundið við hafsbötn og fjörukamb þar sem lögnin er endurnýjuð. Rask á landi verður mjög takmarkað þar sem framkvæmdin fer fram á áður röskuðu athafnasvæði. Á hafsbötni liggur lögnin um malar- og grýttan botn sem er dæmigerður fyrir svæðið og hefur þegar verið raskað við fyrri lagningu.

Þegar framkvæmdum lýkur mun lögnin liggja stöðug á botnseti og ekki hafa áhrif út fyrir lagnasvæðið.

Framkvæmdin er nauðsynleg til að tryggja stöðugt innstreymi sjávar í eldisstöð Ocean EcoFarm, sem byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda og lágmarksáhrifum á umhverfi.

Aðalskipulagsbreyting samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 18/11 2025

Eynir Ingibj. Sigþórsd.
Sveitarstjóri
Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 21. janúar 2026
[Signature]
Skipulagsstofnun

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____



Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020
Sveitarfélagsuppdráttur - Breyting
Hauganes

SKJALALYKILL:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
109610	A3	ÍS	MMR
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS, BREYT:	
1:50.000	26.11.2025	---	